



## Halli á viðskiptajöfnuði á fyrsta ársfjórðungi

Á fyrsta ársfjórðungi mældist 27,1 ma.kr. halli af viðskiptum við útlönd. Þetta er um 38,8 ma.kr. lakari niðurstaða en á sama ársfjórðungi 2020 og 50 ma.kr. lakari niðurstaða en á næsta fjórðungi á undan. Óveruleg breyting varð á hreinni erlendri stöðu á fjórðungnum, en í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.069 ma.kr.

Á fyrsta ársfjórðungi mældist 27,1 ma.kr. halli af viðskiptum við útlönd. Niðurstaðan skiptist þannig að:

- Hallinn á vöruskiptajöfnuði var 21,9 ma.kr.
- Hallinn á þjónustujöfnuði var 10,9 ma.kr.
- Afgangurinn af frumþáttatekjum var 12,8 ma.kr.
- Hallinn á rekstrarframlögum var 7,1 ma.kr.

Þetta er 38,8 ma.kr. verri niðurstaða en á sama ársfjórðungi í fyrra. Munurinn skýrist fyrst og fremst af því að tekjur af erlendum ferðmönnum drógust saman um 56,8 ma.kr. milli ára. Þetta kemur ekki á óvart í ljósi þess að erlendum ferðamönnum um Leifsstöð fækkaði um 96% milli ára, eða úr 334 þúsund í 12 þúsund.


Þetta er einnig 50,4 ma.kr. verri niðurstaða en á næsta fjórðungi á undan. Skýrist þessi munur milli fjórðunga að miklu leyti af því að útflutt gjöld (þ.e. tekjur innlendra félaga) vegna einkaréttar og annarra eignarréttu voru óvenju há á 4. ársfjórðungi 2020, en þessi liður telst til útfluttrar þjónustu og því til hækkunar á þjónustujöfnuði. Þessi gjöld voru 37,0 ma.kr. á 4. ársfjórðungi 2020 en einungis 2,0 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2021.

### Afgangur af þáttatekjujöfnuði

Eins og áður kom fram var 12,8 ma.kr. afgangur af þáttatekjujöfnuði, en til þáttatekna teljast fjármagnstekjur og gjöld, svo sem vaxtagreiðslur, arðgreiðslur og slíkt. Afgangurinn skiptist þannig:


- Tap innlendra dótturfélaga í eigu erlendra aðila var 13,1 ma.kr.
- Hagnaður erlendra dótturfélaga í eigu innlendra aðila var 4,7 ma.kr.

### Viðskiptajöfnuður



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Gjöld vegna einkaréttar og annarra eignarréttinda



Heimild: Seðlabanki Íslands




- Vaxtagreiðslur af verðbréfum og annarri fjárfestingu til erlendra aðila voru 5,2 ma.kr.

### Óveruleg breyting á hreinni erlendri stöðu þjóðarbúsins.

Samkvæmt mati Seðlabankans voru erlendar eignir þjóðarbúsins 4.485 ma.kr. í lok ársfjórðungsins og erlendar skuldir 3.415 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 1.069 ma.kr. (36% af VLF).


Óveruleg breyting varð því á hreinni erlendri stöðu þjóðarbúsins á 1. ársfjórðungi, en staðan batnaði um 9 ma.kr. (0,3% af VLF) á fjórðungnum. Bæði erlendar eignir og erlendar skuldir hækkuðu vegna fjármagnsviðskipta. Hins vegar lækkaði virði bæði erlendra eigna og erlendra skulda vegna gengis- og verðbreytinga.

**Þáttatekjujöfnuður**



Heimild: Seðlabanki Íslands

**Erlend staða þjóðarbúsins**



Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.